

5691100

Ritstjórn: ritstjorn@mbi.is
 Auglýsingar: augl@mbi.is
 Áskrift: askrift@mbi.is | sími 5691100
 mbl.is: netfrett@mbi.is



Morgunblaðið

LAUGARDAGUR 18. SEPTEMBER 261. DAGUR ÁRSINS 2010

>>MEST LESIÐ Á mbl.is

1. Prautskipulögð árás
2. Þarf fólk að setja loftnetsgreiður?
3. Svona er bara lífsins gangur.
4. Jón blessunarlega laus við...

Mætir með fyrstu myndina

● Æskuverk eftir Erró í eigu fisk-sala í Reykjavík

Sigurður Bogi Sævarsson
 sbs@mbi.is

„Gaman verður að sýna meistar-
 anum myndina aftur,“ segir Guð-
 mundur Óskarsson, fyrrverandi
 fiskisali. Sýning á klippimyndum
 Errós verður opnuð í Listasafni
 Reykjavíkur í Hafnarhúsinu í eft-
 irmiðdaginn í dag. Þangað hyggst
 Guðmundur mæta með einhverja
 allra fyrstu mynd Errós. Í gær
 gekk Guðmundur á fund frænda
 síns, Ólafs Ragnars Grímssonar,
 forseta Íslands, og sýndi honum
 myndina sem er frá árinu 1945.

Upptekinn við að mála

Níu ára gamall fór Guðmundur í
 nokkra daga austur að Kirkjubæj-
 arklaustri með foreldrum sínum.
 Guðmundur var tregur til en var
 sagt að dvölin yrði án nokkurs
 vafa afar skemmtileg því eystra
 væri strákur á hans reki og þeir
 yrðu leikbræður.

„Þegar á Kirkjubæjarklaustur
 kom fór svo að ég og þessi strákur
 sem var á líkum aldri og ég náð-
 um aldrei saman, svo upptekinn
 var hann við að teikna og mála.
 En þegar við vorum svo á leiðinni
 í bæinn aftur kom strákurinn
 hlaupandi til mín með stranga þar
 sem hann hafði málað fallega olíu-
 mynd af ægífögru landslaginu á
 þessum slóðum.“

Í tímans rás hefur Guðmundur
 fylgst með Erró og árangri hans í
 listinni, sem er um margt ein-
 stæður. Og myndina frá hinum
 sælu sumarögum fyrir 65 árum
 hefur hann varðveitt vel í þússi
 sínu.

Sterk viðbrögð

„Þegar Erró, sem þá hét
 bara Guðmundur Guð-
 mundsson, gaf mér
 myndina, þá korn-
 ungur, setti hann
 fangamarkið sitt og



Morgunblaðið/Kristinn

List Guðmundur Óskarsson með fyrsta málverk Errós sem er svipmynd þar sem sést til Skaftár og að Systrastapa. Stíll meistarans hefur hins vegar breyst mikið síðan þetta var og landslagsverkin vikið fyrir m.a. klippimyndum.

ERRÓSÝNING VERÐUR OPNUÐ Í HAFNARHÚSINU Í DAG

Úrval úr safni klippiverka

Sýning Errós á klippimyndum í
 Listasafni Reykjavíkur í Hafnar-
 húsinu hefst klukkan 15 í dag.
 Frá árinu 1989 hefur Erró gefið
 Listasafni Reykjavíkur 472
 klippimyndir sem spanna
 langan feril hans. Á sýning-
 unni núna eru til sýnis sam-
 klipputeikningar og sam-
 klippuuppsetningar, en einnig
 tilklipptar pappírmyndir
 frá námsárunum. Alls eru

130 myndir á sýningunni nú. Lista-
 maðurinn kemur til landsins af
 þessu tilefni og verður viðstaddur
 þegar borgarstjórnir í Reykjavík,
 Jón Gnarr, opnar sýninguna. Þá
 mun Hafþór Yngvason, safnstjóri
 Listasafns Reykjavíkur, kynna til
 sögunnar klippimyndasamkeppni,
 sem Erró býður nemendum og al-
 menningi að taka þátt í, og þau
 myndarlegu verðlaun sem sam-
 keppninni fylgja.

ártalið á bakhlíðina sem staðfest-
 ingu. Þessi mynd er auðvitað
 söguleg sem upphafsverk einstæðs
 listamanns. Fyrir allmörgum árum
 var Erró með sýningu á Kjarvals-
 stöðum. Ég mætti þangað og
 sýndi honum verkið, sem vakti
 með honum sterk viðbrögð. Lang-
 aði augljóslega til að eignast
 myndina, sem margir hafa raunar
 haft augastað á í tímans rás, en ég
 ekki vilja gefa frá mér fyrir
 nokkurn lífandi mun,“ segir Guð-
 mundur. Hann hefur nokkrum
 sinnum í gegnum tíðina hitt Erró,
 sem lengi hefur verið búsettur í
 Frakklandi en komið alltaf annað
 veifið hingað heim af sérstökum
 tilefnum, svo sem til sýning-
 arhalds eins og nú.

FÓLK Í FRÉTTUM




Morgunblaðið/Kristinn

70 ára afmælistón- leikar fyrir Jón Kr.

■ Söngvarinn Jón Kr. Ólafsson varð
 sjötugur í ágúst. Af því tilefni verða
 haldnir tónleikar í FÍH-salnum 25.
 september nk. og verður söngvarinn
 Kristján Jóhannsson heiðursgestur.

Loftfímleikaleikhús á Egilsstöðum

■ Írski loftfím-
 leikaleikhúshóp-
 urinn Fidget Feet
 mun halda nám-
 skeið og sýningar
 á Egilsstöðum 1.
 okt. nk. Menning-
 armíðstöð Fljóts-
 dalsheraðs – mið-
 stöð sviðslista á



Austurlandi býður hópnum til Íslands.
 Þá mun franskí hópurinn Drapés Aéri-
 ens einnig sýna listir sínar en hann
 sérhæfir sig í loftfímleikaverkefnum
 og notar sérstök loftfímleikatextílefi.

Sólskinsdregurinn tilnefnd til Voice

■ Sólskinsdregurinn, heimildar-
 mynd Friðriks Þórs Friðrikssonar um
 einhverfa drenginn Kela, er tilnefnd
 til Voice-verðlaunanna sem verða afhent í
 Paramount-kvikmyndafyrir-
 tækinu í Hollywood 13.
 október nk. Verð-
 launin eru veitt
 leikstjórum og
 framleiðendum
 mynda sem þykja
 auka skilning á
 geðrænum rösk-
 unum.



ÍÞRÓTTIR



Albert í fótspor Jóns og Þorsteins

Albert Sævarsson, mark-
 vörður ÍBV, er aðeins þriðji
 markvörður sögunnar sem
 nær að skora mark í efstu
 deild karla í fótþolta. Jón
 Þorbjörnsson skoraði annað
 mark íd árið 1978 fyrir ÍA
 gegn Víkingum með ótrú-
 legu útsparki en tveimur ár-
 um áður hafði Þorsteinn
 Ólafsson skorað úr vítaspyrnu fyrir Keflvíkinga.
 » 4

Birgir Leifur lék gott golf í Austurríki

Birgir Leifur Hafþórsson lék vel á
 öðrum keppnisdegi í Evrópu-
 mótariðinni í Austurríki. Ís-
 landsmeistarinn er sex
 höggum á eftir efsta
 manni en Birgir á
 ágæta möguleika á
 að leika um efstu
 sætin. Birgir
 hefur ekki
 leikið í
 Evrópu-
 mótariðinni í
 heilt ár. » 1




Fer Íslandsbikarinn á loft í Kópavogi?

Breiðablik getur orðið Íslandsmeis-
 tari í fyrsta sinn í efstu deild karla í
 fótþolta á morgun þegar næstsíðasta
 umferðin fer fram. Alfreð Finn-
 bogason, framherji Breiðabliks, er
 efstur í M-gjöf íþróttafréttamanna
 Morgunblaðsins. Alfreð er jafnframt
 markahæsti leikmaðurinn ásamt
 Halldóri Orra Björnssyni úr Stjör-
 unni. » 3



VEÐUR



SPÁ KL. 12.00 Í DAG Suðaustan 8-13 og lítilsháttar rigning SV-lands. Hiti 3 til 11 stig að
 deginum, hlýjast syðst, en víða næturfröst inn til landsins.

Á sunnudag Austlæg átt, víða 5-10 m/s og skúrir, en norðlægari og stöku slydduél NA-
 lands. Hiti 3 til 11 stig, svalast NA-til.

Á mánudag Hæg norðaustlæg eða breytileg átt og súld úti við N-ströndina, en annars
 stöku skúrir. Hiti 4 til 12 stig, hlýjast SV-til.